

Skýrsla Kátudaganefndar

Vor 2009

Formaður skemmtinefndar, Sigurður Sigurðsson, stýrði verkefnavinnu við undirbúning með stakri þrýði. Skemmtinefnd sá um alla undirbúningsvinnu. Undirritaðir kennarar, Kátudaganefnd, fengu aðra kennara og starfsmenn til að sjá um einstaka atburði á Kátum dögum. Tekið var ákaflega vel í beiðnir Kátudaganefndar.

Skipulag hefði mátt vera betra á sjálfum dögum. Eitthvað var um stofurugl, breytingar á viðburðum skiluðu sér ekki í Kátudagapressu og upplýsingar skiluðu sér ekki nógu vel til nemenda á Kátum dögum. Verkaskipting var óljós, hluti skemmtinefndar var ekki mættur þegar viðburðir hófust en fylgjast þurfti með að allt hæfist á réttum tíma. Gera þurfti salinn kláran fyrir opunaratriði daganna en Kátudaganefnd vissi ekki af því fyrr en „korter í“. Myndbönd/DVD þurfti að setja af stað, opna þurfti stofur og ganga úr skugga um að auglýst atriði væru á réttum stöðum á réttum tíma. Þegar allt var komið af stað gengu hlutirnir mjög vel fyrir sig.

Í heildina fóru Kátir dagar mjög vel fram. Nemendur voru nokkuð duglegir að taka þátt í hinum ýmsu viðburðum. Lokahnykkur daganna var frábær, skemmtiatriðin voru góð og nemendur og starfsfólk skemmtu sér konunglega.

Fyrir næstu Káta daga væri snilld, eins og Jóna Katrín bendir á í skýrslu Kátudaganefnda fyrir árið 2008, að hafa dagskrá daganna á heimasíðu skólans/nemendafélagsins. Dagskrána væri með því móti auðveldlega hægt að uppfæra um leið og breytingar verða og upplýsingaflæði til nemenda yrði betra. Verkaskipting næsta árs þyrfti að vera skýrari og markvissari. Hver og einn, innan skemmtinefndar og Kátudaganefndar, ætti að fá atriði/viðburði sem viðkomandi hefði umsjón með á meðan Kátum dögum stendur.

Kátudaganefnd þakkar fyrir skemmtilegt samstarf við nemendur í skemmtinefnd ;o)

Selfossi, 19. maí 2009

Ester Ýr Jónsdóttir, Raungreinakennari við FSu
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir, Spænskukennari við FSu.